



## Slökkviliðið hlýðir Víði



Slökkvilið Snæfellsbæjar lætur sitt ekki eftir liggja í baráttunni gegn kórónafaraldrinum sem gengur nú yfir heimsbyggðina.

Slökkviliðið ákvað á dögunum að kaupa boli á alla meðlimi slökkviliðsins en á bolunum er áletrunin „Ég hlýði Víði.“ Slökkviliðið lét sér ekki nægja að kaupa

bolina heldur var ákveðið að styrkja Von, styrktarfélag skjólstaðinga gjörgæsludeildar, um 100.000 kr.

Slökkvilið Snæfellsbæjar skorar sömuleiðis á kollega sína annarstaðar á landinu að gera slíkt hið sama.

## Sóttkví hindraði messuhald

Messuhald um nýliðna páska-helgi var með sérstöku sniði þetta árið vegna þeirra aðstæðna sem eru uppi um þessar mundir. Fyrir mörgum er messuhald ómissandi hluti af páskunum en þeir sem kíkja í kirkju um páska urðu að gera sér það að góðu í ár að horfa á messu í beinni útsendingu á netinu. Messuhaldið gekk þó ekki alveg vandræðalaust fyrir sig hér á Snæfellsnesi.





Auglýstir voru viðburðir á netinu í Grundarfirði, Snæfellsbæ og í Stykkishólmi. Í Grundarfirði voru viðburðir á skírdag,

föstudaginn langa og á páska-sunnudag en í Snæfellsbæ var lestur píslarsögu í Ingjaldshólskirkju á föstudaginn langa og messa í Ólafsvíkurkirkju á laugar- dag fyrir páskadag klukkan 21.

Sömuleiðis stóð til að hafa kirkjuviðburði í Stykkishólmskirkju á föstudaginn langa og á páskadag en ekki vildi betur til en svo að séra Gunnar Eiríkur Hauks- son, prestur í Stykkishólmi, lenti í sóttkví og gat að þeim sökum ekki séð um messuhald. Píslarsagan var engu að síður lesin í kirkjunni á föstudeginum.

## Útgáfa Jökuls í næstu viku

Jökull kemur næst út miðvikudaginn 22. apríl, skil á efni og auglýsingum er því fyrir kl. 16 mánudaginn 20. apríl.

 Jökull Bæjarblað  
 jokull@steinprent.is  
 steinprent@simnet.is  
 436 1617



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
www.fmis.is

# Þjóðgarðurinn stækkaður

Umhverfisstofnun og Snæfellsbær hafa tilkynnt áform sín um stækkun Þjóðgarðs Snæfellsjökuls. Eftir stækkunina verður garðurinn 182 ferkílómetrar að stærð.

Um er að ræða svæði sem liggur norðan megin við jökulhettuna og austan við núverandi mörk þjóðgarðsins, frá jökli að Búrfelli og norður fyrir Dýjadalsvatn. Um er að ræða 9% stækkun. Viðbótin mun skapa enn fleiri möguleika til útivistar en um ákaflega fallett

svæði er að ræða.

Þjóðgarðurinn var stofnaður árið 2001 í þeim tilgangi að vernda sérstæða náttúru svæðisins sem og sögurlegar minjar. Felur það meðal annars í sér að náttúra þjóðgarðsins fær að þróast eftir eigin lögmálum á sama tíma og almenningi gefst kostur á að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Skástríkaða svæðið á myndinni hér til hliðar sýnir stækkun þjóðgarðsins.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Aflatölur 6. - 12. apríl

### Ólafsvík: 198,9 tonn í 25 löndunum

#### Dragnót:

Steinunn SH 45,1 í 2 löndunum

#### Grásleppunet:

Rán SH 6,5 tonn í 3 löndunum

#### Handfæri:

Glaður SH 5,1 tonn í 2 löndunum

Hilmir SH 0,8 tonn í 1 löndun

#### Lína:

Brynja SH 7,5 tonn í 2 löndunum

Kristinn HU 4,9 tonn í 1 löndun

Sígný HU 0,4 tonn í 1 löndun

Sverrir SH 3,6 tonn í 2 löndunum

Tryggvi Eðvarðs SH 8,5 tonn í 2 löndunum

Óli G GK 18,2 tonn í 3 löndunum

Landey SH 6,6 tonn í 2 löndunum

#### Þorsfiskanet:

Bárður SH 81 91,7 tonn í 4 löndunum

### Rif: 209,4 tonn í 17 löndunum

#### Dragnót:

Rifsari SH 31,1 tonn í 2 löndunum

#### Handfæri:

Glaður SH 3,4 tonn í 1 löndun

Kári III SH 2,4 tonn í 2 löndunum

Vinur SH 6,8 tonn í 3 löndunum

#### Lína:

Bildsey SH 4,4 tonn í 1 löndun

Gullhólmi SH 5,7 tonn í 1 löndun

Lilja SH 7,5 tonn í 2 löndunum

Rífsnes SH 32,1 tonn í 1 löndun

Stakkhamar 2,2 tonn í 1 löndun

Tjaldur SH 40,1 tonn í 1 löndun

#### Þorsfiskanet:

Magnús SH 73,4 tonn í 2 löndunum

### Arnarstapi: 13,2 tonn í 2 löndunum

#### Lína:

Óli G GK 6,5 tonn í 1 löfnun

Særif SH 6,6 tonn í 1 löndun

### Grundarfjörður: 61,7 tonn í 1 löndun

#### Botnvarpa:

Runólfur SH 61,7 í 1 löndun

### Stykkishólmur: 3,2 tonn í 3 löndunum

#### Grásleppunet:

Rán SH 0,4 tonn í 1 löndun

#### Plógur:

Fjóla GK 2,8 tonn í 2 löndunum

Fjóla SH 2,3 tonn í 2 löndunum

Sjöfn SH 2,5 tonn í 2 löndunum

## Staðan krefjandi í sjávarútvegi

Undanfarnar vikur hefur mikið verið fjallað um það hvernig Covid19 faraldurinn hefur slæm áhrif á fyrirtæki í hinum ýmsu starfsgreinum. Einn af þeim geirum sem finna mikið fyrir ástandinu er sjávarútvegurinn.

Mikið er selt af íslensku sjávarfangi á erlenda markaði og þar sem evran hefur styrkst töluvert gagnvart íslensku krónunni mætti ætla að það gæti haft jákvæð áhrif á íslenska sjávarútveginn en það er þó ekki alveg svo einfalt.

Það hefur þrengt mikið að kaupendum af íslenskum sjávarafurðum í kjölfarið á Covid19 faraldrinum og í kjölfarið hefur verið á afurðinni lækkað. Það var ekki til að bæta úr skák að

stórir fiskmarkaðir, bæði austan hafs og vestan, hafa lokað og það gerir fyrirtækjum erfitt fyrir. Staðan er sérstaklega slæm þegar kemur að sölu á ferskum fiski í Evrópu.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli þurft að bregðast við ástandinu með því að veita greiðslufrest eða jafnvel að frysta afurðir svo hægt verði að geyma þær til betri tíma.

Staðan í sjávarútvegi er því bæði óviss og krefjandi en þó alls ekki vonlaus. Búast má við því að höggið sem útlutningur á sjávarafurðum hefur orðið fyrir muni hafa neikvæð til skemmri tíma en að sjávarútvegurinn muni ná sér á strik aftur þegar fram líða stundir.

## Dyrum læst á St. Franciskusspítala

Öllum inngöngum á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi hefur verið læst. Er það gert til að reyna að hindra Covid19 smit á spítalanum.

Áfram er þó þónokkur starfsemi í gangi innan veggja spítalans en þeir sem þangað eiga erindi þurfa að hringja dyrabjöllu og gefa upp

erindið.

Þetta á við um þá sem eru að mæta í heilsugæslutíma, blóðprufu, sjúkrapjálfun eða ungbarnaeftirlit.

Þá hafa heimsóknir á sjúkradeild spítalans verið bannaðar.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netföng: jokull@steinprent.is  
steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Leikmenn gera æfingamyndband



Leikmenn í meistaraflokki Vikings bjuggu á dögnum til myndband með heimaæfingum sem hægt er að stunda í samkomu og æfingabanninu. Með þessu vildu þeir aðstoða iðkendur í yngri flokkum félagsins við að halda áfram að æfa.

Allt eru þetta æfingar sem hægt er að framkvæma innandyra án þess að eiga á hættu að geta brotið lampa, skrautmuni eða aðra hluti inni á heimilinu.

Engar æfingar hafa verið hjá yngri flokkum hér á Íslandi síðan um miðjan mars og ljóst er að æfingar geta ekki hafist að nýju

fyrir en í fyrsta lagi einhverntímann í maí. Það er því um að gera fyrir unga knattspyrnuunnendur á Snæfellsnesi að kíkja á þessar æfingar.

Meðfylgjandi þessari frétt er QR kóði. Ef þú tekur mynd af kóðanum með símanum á myndavélinni þinni opnast linkur á myndbandið sem sýnir heimaæfingarnar. Myndin með fréttinni er tekin á æfingu liðsins í fyrra.



# Ljósmyndakeppni haldin í 11. sinn




Grundarfjarðarbær mun halda ljósmyndakeppni bæjarins í ellífta sinn í ár. Þemað að þessu sinni er vetur í Grundarfirði.

Reglur keppinnar kveða á um að myndirnar sem eru sendar inn séu teknar frá 1. desember 2019 til 1. nóvember 2020 og að þær séu teknar innan sveitafélagsins. Hver má að hámarki senda inn 5 myndir og eru allir hvattir til að taka þátt.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin. 1. sætið fær 50.000 kr, 2. sætið fær 30.000 kr og 3. sætið fær 20.000 kr.

Myndum þarf að skila fyrir 1. nóvember og sendast þær á grundarfjordur@grundarfjordur.is.

Meðfylgjandi má sjá sigurmyndina frá því í fyrra en það var Oliver Degener sem tók myndina.



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Öryggi aukið með girðingu



Starfsmenn þjónustumiðstöðvar Stykkishólms hafa nýverið lokið við uppsetningu á girðingu við Aðalgötu.

Girðingin var sett upp til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda en nokkur fallhætta var á svæðinu. Athuga-

semdir um málið bárust eftir umhverfisgöngu bæjarstjóra síðastliðið sumar.

Starfsmennirnir hafa þó ekki sagt skilið við girðingasmíði því nú er unnið að því að setja upp girðingu umhverfis blokkina á Skúlagötu.

# Síðasti snjórinn?



Í byrjun síðustu viku gerði mikla snjókomu og safnaðist talsverður snjór á Snæfellsnesi sem varð m.a. til þess að ófært var á milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar. Þröstur Albertsson snjóruðningsmaður tók þessa mynd að morgni 6. apríl þegar

hann var að stinga í gegnum skaflana svo að umferð kæmist á veginn að nýju.

Snjóinn tók þó fljótt upp og undanfarna daga hefur þurft að fara til fjalla til að komast í almennilegan snjó.

Atvinnurekanda er óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem eftir standur þegar starfshlutfall hefur verið minnkað

## Ef starfsmaður er færður í...



### 25% STARF

Þá má atvinnurekandi fara fram á að hámarki **9,25 virkar klst** á viku eða **40 virkar klst** á mánuði í vinnuframlag frá og með 1. apríl.




### 50% STARF

Þá má atvinnurekandi fara fram á að hámarki **18,5 virkar klst** á viku eða **80 virkar klst** á mánuði í vinnuframlag frá og með 1. apríl.



### 75% STARF

Þá má atvinnurekandi fara fram á að hámarki **27,75 virkar klst** á viku eða **120 virkar klst** á mánuði í vinnuframlag frá og með 1. apríl.



Starfsmannafélag  
Dala- og Snæfellsnessýslu

## Engin fjölgun smita á Snæfellsnesi

Baráttan gegn Covid19 virðist ganga nokkuð vel á Snæfellsnesi miðað við tölur frá Lögreglunni á Vesturlandi.

Í seinasta tölublaði Jökuls kom fram að búið væri að staðfesta sex smit á Snæfellsnesi. Þar af voru fjögur smit í Stykkishólmi, eitt í Grundarfirði og eitt í Snæfellsbæ.

Íbúar virðast hinsvegar taka faraldrinum alvarlega og leggja sitt af mörkum við að hindra útbreiðslu veirunnar því tæplega viku eftir að seinasta blað kom út hefur smitum á Snæfellsnesi ekki fjölgað.

Þá hefur einnig fækkað í sóttkví en nú eru 26 í sóttkví.

## Jökull Valáskrift

Valáskrifendur geta í samráði við banka sinn látið millifæra mánaðargjald t.d. með beiðgæðslu af reikningi eða kreditkort. Einnig er hægt að fá sendann greiðsluseðil.

Með þessu aðstoða valáskrifendur okkur að efla blaðið.

Upplýsingar um bankareikning Bæjarblaðsins Jökuls:

Bæjarblaðið Jökull, Sandholt 22, 355 Snæfellsbæ

Reikningsnr. 0194 - 15 - 200100 Kt. 590593-3629

## Breyta deiliskipulagi hestúsasvæðis



Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti á fundi sínum nýverið að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi hestúsasvæðisins við Fákaborg.

Hestúsasvæðið við Fákaborg er um 5 hektarar að stærð en tillögubreytingarnar fela í sér

stækkun á reiðskemmuni og á hestúsum auk tilfærslu á óbyggðum lóðum og byggingarreitum til að auka rými fyrir miðjussvæði, bílastæði og aðgang að gerðum.

Með fréttinni má sjá mynd af tillögu deiliskipulagsins